


MERKURTÚN

Holt og hæðir



HOLT OG HÆÐIR

Hönnunartillagan Holt og hæðir er innblásin af hafinu, formum þess, litum og áferð. Einnig var notast við þætti eins og möstur, bryggjur til að skapa hugrenningartengsl við hafið og grípa staðaranda útgerðarbæjar. Einnig er notast við steypu sem skapar skemmtilega tengingu við sementsverksmiðjuna sem spilar stóran þátt í atvinnusögu bæjarins.

Akranes er ekki síst þekkt fyrir fótboltan, en þar sem nú þegar er góð aðstaða til fótboltaíðkunar á Akranesi þótti ekki ástæða til að gefa því rými í þessari tillögu. Engu að síður fær hreyfing og hreysti sinn sess. Hjólbraut þar sem hægt er að æfa ýmsar kúnstir og hreyfibraut með tækjum fyrir unga sem aldna. Yngstu börnin fá leiksvæði við sitt hæfi, þ.e. sandkassa, þúfnahopp, klifursvæði ásamt hefðbundnum leiktækjum eins og kastala. Grillsvæði og næg sæti eru í þeim hluta garðsins sem nýtur mestar sólar. Grasflöt sem nýttist fyrir ýmsa leiki eins og boltaleiki, kubb og badminton.

INNGANGUR FRÁ SKÓLABRAUT

Inngangur garðsins við Skólabraut er færður til austurs til að skapa meira rými og betri nýtingu á garðinum. Með færslu inngangsins er einnig möguleiki á að koma fyrir bílastæðum við Skólabraut 2/4. Lagt er til að settur verði upp skúlptúr við innganginn til að fanga athygli fólks á garðinum sem eiga leið um Skólabraut. Skúlptúrin á að laði að fólki og börn þannig að það veiki forvitni og löngun til að nýta garðinn.

RÝMI GARÐSINS

Göngustigur liggur í gegnum garðinn miðjan og skiptir honum upp í tvö rými. Með því að færa inngang garðsins austar, við Skólabraut, skapast meira rými og betri nýting á vestari hluta garðsins. Vestari hluti garðsins er ætlaður fyrir hreyfingu en austari hlutinn fyrir dvalarsvæði, enda nýtur þar betur sólar og hlýju.

ÞÚFNAHOPP


Misstórar þúfur úr tartani á bláu undirlagi bjóða þig velkomin í skemmtilegan leik. Bláa undirlagið gefur tilfinningu fyrir vatni/sjó og þúfurnar eru steinar eða eyjur.

STEYPTUR KANTUR

Steyptur kantur bylgjast um garðinn frá norðri til suðurs, frá inngangi við Skólabraut og að Sóleiyjargötu. Um leið og form kantsins endurspeglar öldur hafnsins, leiðir hann gestina inn ævintýri garðsins. Á völdum stöðum eru útbúnir timurbekkir með setu og baki. Kanturinn er einnig nýttur til að lyfta upp gróðurbeðunum inn móti garðinum til að auka rýmis- og skjólmyndun. Þannig skapast ákveðið andrými fyrir fólk á öllum aldri til að setjast niður, eitt með sjálfum sér, án þess að vera í hringiðu leiks.

LEIKTÆKI

Lögð er áhersla á við val á leiktækjum að þau séu ekki að finna á Akranesi þannig að þetta verði eitthvað nýtt og spennandi og færir líf inn í garðinn. Samkvæmt grófri könnun á opnum svæðum, skóla- og leikskólalóðum á Akranesi að þá má ætla að hjólabretta- og hjólbraut sé eitthvað nýtt og spennandi og einnig einhverskonar hreystibraut. Hjólabretta- og hjólbraut vekur yfirleitt áhuga ungfólksins og unglinganna og hreystibraut er fjölnota íþróttatæki fyrir allan aldur. Einnig var stuðst við hugmyndir frá börnum á Akranesi, en þau nefndu td. hreystibraut, barnakastala, sandkassa, súlur, klifurgrind, hjóla- og hjólabrettabraut.



Snið A1-A2

Mkv. 1:150